

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 8

4. árgangur

20.2.1997

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/8/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.873 - Bank Austria/Creditanstalt)	1
97/EES/8/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.867 - Wagon-Lits/Carlson)	2
97/EES/8/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.888 - Metallgesellschaft/AGIV)	2
97/EES/8/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.760 - Klöckner/ARUS)	3
97/EES/8/05	Orðsending frá frönskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	4
97/EES/8/06	Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	4

97/EES/8/07	Tilvísunarnúmer á tilkynningu um útflutning tiltekinna hættulegra kemískra efna	5
97/EES/8/08	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	5
97/EES/8/09	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt	6
97/EES/8/10	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	8
3. Dómstóllinn		
97/EES/8/11	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	9
97/EES/8/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	12

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.873 - Bank Austria/Creditanstalt)

97/EES/8/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Bank Austria Aktiengesellschaft (Austurríki) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Creditanstalt-Bankverein (Austurríki) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bank Austria: bankastarfsemi, fjárfestingar í ýmsum fyrirtækjum atvinnulífsins, einkum á sviði byggingarframkvæmda, váttrygginga, fasteigna, hótelferðastarfsemi og ferðamála,
 - Creditanstalt: bankastarfsemi, fjárfestingar í ýmsum fyrirtækjum atvinnulífsins, m.a. á sviði byggingarframkvæmda, fasteignastarfsemi og bifreiðatækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 48, 18. 2. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls IV/M.873 - Bank Austria/Creditanstalt, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.867 - Wagon-Lits/Carlson)**

97/EES/8/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Compagnie Internationale des Wagon-Lits et du Tourisme S.A. (CIWLT), sem tilheyrir samstæðunni Accor S.A. (Frakklandi), og Carlson Travel Group Inc. (CTG), sem tilheyrir the Carlson Companies Inc. (Bandaríkjunum), sem er dótturfyrirtæki Carlson Holdings Inc., öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir nýju fyrirtæki sem mun halda áfram ferðaþjónustu CIWLT og CTG við kaupsýslumenn um allan heim (sem þau starfrækja nú undir heitinu Carlson Wagonlit Travel á grundvelli samstarfssamnings sem tilkynntur var framkvæmdastjórninni 18. 5. 1994), og jafnframt yfir starfsemi CIWLT á sviði skemmtiferðalaga.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Accor S.A.: starfsemi á ýmsum sviðum sem tengjast ferðalögum og þjónustu við atvinnulífið, m.a. hótélrekstur, útgáfa ferðaávisana, veitingaþjónusta við stofnanir, rekstur ferðaskrifstofa, veitingahúsa, sem og þjónusta vegna ferðalaga með járnbrautum og bílaleiga,
 - Carlson Companies Inc.: starfsemi á sviði hótél- og veitingahúsarekstrar, rekstur ferðaskrifstofa, skipulagning ferðalaga og ýmiskonar þjónusta á sviði ferðamála.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 47, 15. 2. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.867 - Wagon-Lits/Carlson, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.888 - Metallgesellschaft/AGIV)**

97/EES/8/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Metallgesellschaft AG, Frankfurt am Main/Þýskalandi, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir fyrirtækinu AGIV Aktiengesellschaft für Industrie- und Verkehrswesen, Frankfurt am Main/Þýskalandi, með hlutabréfakaupum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Metallgesellschaft AG: viðskipti, vélaframleiðsla, framleiðsla á kemískum efnum, byggingarstarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - AGIV: framleiðsla á vélum og rafeindabúnaði, orkuveita og tengd starfsemi, byggingarstarfsemi, flutningar og vörustjórnun.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 47, 15. 2. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.888 - Metallgesellschaft/AGIV, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.760 - Klöckner/ARUS)**

97/EES/8/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 8. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdust hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0760. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Orðsending frá frönskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun 97/EES/8/05
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾**

Tilkynning um afturköllun á beiðni um einkaleyfi, undir heitinu „Ouessant License“, til að leita að fljótandi eða loftkenndu gasi (sjá frekari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 39, 8. 2. 1997)

Ennfremur er hægt að fá frekari upplýsingar hjá:

Ministère de l'industrie
Direction générale de l'énergie et des matières premières
Direction des hydrocarbures
Service de conservation des gisements d'hydrocarbures
99, rue de Grenelle
F-75353 Paris

**Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins 97/EES/8/06
og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu
og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾**

Boð um að senda inn umsóknir um leyfi til að bora eftir jarðolíu og gasi á svæðum innan Konungsríkisins Hollands

Fjármálaráðherra býður öllum þeim sem eiga hagsmuna að gæta að leggja inn umsóknir (sjá frekari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 39, 8. 2. 1997).

Umsóknir skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken
ter attentie van de directeur Olie en Gas
Bezuidenhoutseweg 6
2594 AV Den Haag
Nederland

Leyfi verða veitt innan níu mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

Frekari upplýsingar fást í síma (+31 70) 379 73 82.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

Tilvísunarnúmer á tilkynningu um útflutning tiltekinna hættulegra kemískra efna 97/EES/8/07

Framkvæmdastjórnin hefur birt tilvísunarnúmer á tilkynningu um útflutning tiltekinna hættulegra kemískra efna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1992 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽¹⁾

Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli reglulega birta skrá í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins yfir tilvísunarnúmer og tilgreina efnin sem um ræðir og þriðja land sem er viðtökulandið (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 39, 8. 2. 1996).

Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 97/EES/8/08 **Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgölsku aðstoðaráætlunina „SIPESCA” fyrir smíði og endurbætur á fiskiskipum, ríkisaðstoð nr. N 372/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 39 frá 8. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um aðstoð í tengslum við aðgerðir til að hagnýta sögulegt og menningarlegt gildi vindmyllna og efla hefðbundnar aðferðir við að framleiða og markaðssetja sjávarsalt, ríkisaðstoð nr. N 249/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 39 frá 8. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoðaráætlun til að fjármagna mannvirkjagerð og járnbrautarfarartæki á hjólum fyrir belgísku hraðlestina (TGV), ríkisaðstoð nr. N 800/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 39 frá 8. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoðaráætlun til að fjármagna fiskveiðar og kvíaeldi, ríkisaðstoð nr. N 879/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 39 frá 8. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til að bæta fjárhagsstöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Sikiley, ríkisaðstoð nr. N 750/A/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til að stuðla að sköpun nýrra starfa og atvinnu fyrir ungt fólk, ríkisaðstoð nr. N 268/96 - N 382/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð vegna endurskipulagningar á samvinnufélaginu DANONA Sociedad Cooperative (svið: húsgögn) í País Vasco, ríkisaðstoð nr. NN 42/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til að stuðla að bættri bændagistingu í Basilikata-héraði, ríkisaðstoð nr. N 404/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun til að stuðla að ráðningu ungs fólks í störf, ríkisaðstoð nr. NN 35/A/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að bjarga fyrirtækinu „Clearo Coating Glass” í Thüringen, ríkisaðstoð nr. N 743/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna endurskipulagningar á skipasmíðastöðinni Flender Werft í Lübeck í Schleswig-Holstein, ríkisaðstoð nr. N 738/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalskar aðgerðir til að efla handiðnað í héraðinu Sardiníu, ríkisaðstoð nr. N 307/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun til að hvetja til og styrkja sjálfbæra þróun í fiskveiðum á sjó, fiskeldi, fiskveiðum í ferskvatni og fiskvinnslu, einkum hvað varðar lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa bein áhrif á efnahagsþróun, ríkisaðstoð nr. N 513/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð til fiskiðnaðarins í formi fjármögnunar á FIFG/PESCA-verkefnum í Skotlandi, ríkisaðstoð nr. N 640/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð til fiskiðnaðarins í formi fjármögnunar á FIFG/PESCA-verkefnum í Skotlandi, ríkisaðstoð nr. N 641/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt gríska áætlun um aðstoð til að hefja handiðnað og stofnsetja LMF, ríkisaðstoð nr. N 721/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun til að skapa og viðhalda atvinnutækifærum með því að hvetja til viðskipta á sviði fiskveiða, ríkisaðstoð nr. N 609/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð til fiskiðnaðarins í formi fjármögnunar á FIFG/PESCA-verkefnum í Skotlandi, ríkisaðstoð nr. N 626/96 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 43 frá 11. 2. 1997).

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 97/EES/8/09

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um aðstoð austurrískra stjórnvalda til fyrirtækisins Head Tyrolia Mares í formi endurfjármögnunar (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 25, 28. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 1996 um eftirlitsaðferðir vegna viðhalds opinberrar viðurkenningar á að nautgripahjarðir í ákveðnum aðildarríkjum EB og héruðum þeirra séu lausar við öldusótt (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 22. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 1996 um heilbrigðiskröfur og opinbera heilbrigðisvottun vegna innflutnings á hökkuðu kjöti og unnum kjötafurðum frá þriðju löndum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 12, 15. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem á að senda til héraða í Þýskalandi sem eru laus við veikina (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 12, 15. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. janúar 1997 um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd vottunarreglum um tilteknar dýraafurðir (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 29, 31. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. janúar 1997 um beiðni frá Frakklandi um undanþágu samkvæmt 14. gr. tilskipunar 92/51/EBE (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 17, 21. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. janúar 1997 um viðurkenningu á að framleiðendur tiltekinnar gæðavína í tilgreindum héruðum á Spáni geti á engan hátt annað eftirspurn (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 27, 30. 1. 1997)

Tuttugasta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 16, 18. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. janúar 1997 um að heimila aðildarríkjunum að veita undanþágu í sérstökum tilvikum frá ákvæðum tilskipunar ráðsins 77/93/EBE fyrir plöntur af tegundinni *Vitis L.*, að undanskildum ávöxtum þeirra, sem upprunnar eru í Króatíu eða Slóveníu (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 22, 24. 1. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 1997 um sérstök skilyrði um innflutning á fisk- og kvíaeldisafurðum sem upprunnar eru í Rússlandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 35, 5. 2. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. janúar 1997 um breytingu á ákvörðun 93/693/EB um skrá yfir sæðingastöðvar sem hafa heimild til að flytja nautasæði til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 36, 6. 2. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. janúar 1997 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 36, 6. 2. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. janúar 1997 um markaðssetningu á erfðabreyttum maís (*Zea mays L.*), sem bæði er breyttur hvað varðar þol gegn skordýraeitri í gegnum genið Bt-endótoxín og hvað varðar aukið þol gegn illgresiseyðinum glúfosinatammóníum, í samræmi við tilskipun ráðsins 90/220/EBE (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 31, 1. 2. 1997)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

97/EES/8/10

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtuð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtuð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtuð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0476-A	Fyrirmæli fylkisstjórnarinnar um hald á tilteknum dýrategundum (fyrirmæli um dýrahald)	3.3.1997
96-0477-A	RVS 3.114 Drög að áætlun um vegagerð, efni í undirlag, vernd gegn hávaða	3.3.1997
96-0478-DK	Lög um kvikmyndir	3.3.1997
96-0479-NL	Skattahvetjandi aðgerðir til að stuðla að sem hreinustu LPG-tækni (G3) í einkabílum	(4)
96-0480-GR	Tæknileg reglugerð um gastækjabúnað innanhúss með vinnuþrýstingi yfir 50 mbör og 16 bara hámarksvinnuþrýsting	3.3.1997
96-0481-UK	Reglugerðir um mælíbúnað (fljótandi eldsneyti og smurningsefni (breyting)	4.3.1997
96-0482-UK	Öryggisreglugerðir um notuð gastæki	3.3.1997
96-0483-NL	Breyting á tímabundnum áætlunum um að hvetja til smíði endingagóðra bygginga	(4)
96-0484-DK	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um inn- og útflutning á plöntum o.s.frv.	6.3.1997
96-0485-D	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 127 (útgáfa frá september 1996) fyrir fjarskiptabúnað til upphringinga	6.3.1997
96-0486-D	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 128 (útgáfa frá september 1996) fyrir fjarskiptabúnað sem er notaður til veðurfræðilegra rannsókna	6.3.1997
96-0487-UK	Reglugerðir um ökutæki á vegum (smíði og notkun) (breyting) 1997	5.3.1997
(3)(4)(5)		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtuð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningar eru faanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(5) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

97/EES/8/11

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 12. nóvember 1996 í máli C-294/95 P: Girish Ojha gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - embættismaður - embætti í landi utan bandalagsins - flutningur í þágu embættisins - beiðni um ógildingu - bætur vegna annars tjóns en eignatjóns).

Dómur dómstólsins frá 19. nóvember 1996 í máli C-42/95 (beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof): Siemens AG gegn Henry Nold (félagaréttur - fjármagnsaukning - greiðsla í fríðu - forkaupsréttur hluthafa - afturköllun).

Dómur dómstólsins frá 26. nóvember 1996 í máli C-313/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Chiavari): Fratelli Graffione SNC gegn Ditta Fransa (bann við notkun vörumerkis í aðildarríki - bann við innflutningi frá öðru aðildarríki á vöru undir sama vörumerki - 30. gr. EB-sáttmálans og tilskipun 89/104/EBE um vörumerki).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. desember 1996 í máli C-69/95: Lýðveldið Ítalía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Þróunar- og ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar (EAGGF) - reikningsskil - 1991 - mjólk og mjólkurvörur).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 5. desember 1996 í máli C-85/95 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): John Reisdorf gegn Finanzamt Köln-West (virðisaukaskattur - túlkun á a-lið 1. mgr. 18. gr. í sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE - frádráttur á greiddum aðfangaskatti - skuldbindingar skattlagða aðilans - vörureikningur).

Dómur dómstólsins frá 5. desember 1996 í sameinuðum málum C-267/95 og C-268/95 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice of England and Wales, Chancery Division, Patents Court): Merck & Co. Inc. o.fl. gegn Primecrown Ltd o.fl. og Beecham Group gegn plc Europharm of Worthing Ltd (lög um aðild Spánar og Portúgals - túlkun á 47. og 209. gr. - lok aðlögunartímabils - 30. og 36. gr. EB-sáttmálans - samhliða innflutningur á lyfjum sem ekki þarf einkaleyfi fyrir).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. desember 1996 í máli C-91/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd skuldbindinga augljós - tilskipun 92/118/EBE og 93/52/EBE - vanefnd á að taka lög bandalagsins upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-104/95 (beiðni um forúrskurð frá Polimeles Protodikio, Aþenu): Georgios Kontogeorgas gegn Kartonpak AE (samræming á lögum - sjálfstætt starfandi viðskiptafulltrúar - réttur til umboðslauna - viðskipti sem gengið var frá meðan samningur við umboðsskrifstofu var enn í gildi).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-297/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/271/EBE - hreinsun á skólpi frá þéttbýlissvæðum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 12. desember 1996 í máli C-302/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/271/EBE - hreinsun á skólpi frá þéttbýlissvæðum).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 12. desember 1996 í máli C-10/96 (beiðni um forúrskurð frá Conseil d'État, Belgíu): Ligue Royale Belge pour la Protection des Oiseaux ASBL og Société d'Études Ornithologiques AVES ASBL gegn Région Wallonne; meðalgönguaðili: Fédération Royale Ornithologique

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 40, 8. 2. 1997.

Belge ASBL (tilskipun ráðsins 79/409/EBE um verndun villtra fugla - bann við veiði - undanþága).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 12. desember 1996 í máli C-49/96 P: Nicolaos Progoulis gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (embættismaður - áfrýjun vísað frá).

Mál C-303/96 P: Áfrýjað var þann 17. september 1996 af Giorgio Bernardi dómi uppkveðnum þann 11. júlí 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-146/95 milli Evrópuþingsins og Giorgio Bernardi.

Mál C-367/96: Beiðni um forúrskurð frá Efetio Athinon (áfrýjunarréttur í Aþenu), fyrsta deild, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 6. júní 1996 í máli Alexandros Kefalas o.fl. gegn gríska ríkinu og Organismos Ikonomikis Anasinkrotosis Epikhiriseon AE o.fl.; meðalgönguaðilar: Athinaiki Khartopiia AE o.fl.

Mál C-368/96: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 10. október 1996 í máli the Queen gegn Medicines Control Agency; fyrir hönd: Generics (UK) Limited, E.R. Squibb & Sons, meðalgönguaðili.

Mál C-371/96 og C-373/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Trento samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 24. október 1996 í máli 1) Ministero delle Finanze gegn Cotonificio del Trention S.p.A. (C-371/96) og 2) Ministero delle Finanze gegn Merkur Chemical S.r.l. (C-373/96).

Mál C-372/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Caserta samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 14. október 1996 í máli Antonio Pontillo gegn Donatab.

Mál C-375/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Treviso, Sezione Distaccata di Conegliano, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 2. nóvember 1996 í máli Galileo Zaninotto gegn Ispettorato Centrale Repressioni Frodi, Ufficio di Conegliano.

Mál C-376/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Huy hvað varðar dóm uppkveðnum af Tribunal Correctionnel de Huy 29. október 1996 í sakamáli fyrir þeim dómstól í máli Ministère public gegn B. Leloup, S. Leloup og Sofrage Sàrl.

Mál C-377/96, C-378/96, C-379/96, C-380/96, C-381/96, C-382/96, C-383/96 og C-384/96: Beiðni um forúrskurð frá Hof van Cassatie, Belgíu, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 4. nóvember 1996 í málum August De Vriendt, René Van Looveren, Julien Grare, Karel Boeykens, Frans Serneels, Fredy Parotte, Camille Delbrouck og Henri Props gegn Rijksdienst voor Pensioenen.

Mál C-386/96 P: Áfrýjað var þann 28. nóvember 1996 af Société Louis Dreyfus & Cie dómi uppkveðnum þann 24. september 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-485/93 milli Société Louis Dreyfus & Cie og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-388/96: Mál höfðað þann 22. nóvember 1996 af Glasoltherm S.à.r.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-390/96: Beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg te Brussel samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 26. nóvember 1996 í máli Lease Plan Luxembourg SA gegn belgíska ríkinu.

Mál C-391/96 P: Áfrýjað var þann 4. desember 1996 af Compagnie Continentale (France) dómi uppkveðnum þann 24. september 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-494/93 milli Compagnie Continentale (France) og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-392/96: Mál höfðað þann 5. desember 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-394/96: Beiðni um forúrskurð frá House of Lords, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 28. nóvember 1996 í máli Mary Brown gegn Rentokil Limited.

Mál C-397/96: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Trier samkvæmt fyriræmælum þess dómstóls frá 29. nóvember 1996 í máli Caisse de Pension des Employés Privés gegn 1) Dieter Kordel, 2) Rainer Kordel og 3) Frankfurter Allianz Versicherungs AG.

Mál C-399/96: Beiðni um forúrskurð frá Cour du Travail (fjórða deild), Brussel, samkvæmt fyriræmælum þess dómstóls frá 11. desember 1996 í máli Europièces SA gegn Wilfried Sanders og Automotive Industries Holding Company SA.

Mál C-400/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Correctionnel, Charleroi, samkvæmt fyriræmælum þess dómstóls frá 21. október 1996 í máli Ministère Public gegn Jean Harpegnies.

Mál C-152/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-319/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-410/95 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Nice): SA Société des Grands Garages Méditerranéens, Société Nissan France gegn Société Nice Ouest Automobiles.

Mál C-290/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-134/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-18/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-179/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-265/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu

Belgíu.

97/EES/8/12

Mál C-243/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-16/91 RV: Rendo NV o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - óbein frávísun kvörtunar - rökstuðningur - áfrýjun - máli vísað aftur til dómstólsins á fyrsta dómstigi - áframhaldandi málarekstur - kostnaður).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-19/92: Groupement d'Achat Edouard Leclerc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (valvíst dreifikerfi - lúxussnyrtivörur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-87/92: BVBA Kruidvat gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (valvíst dreifikerfi - lúxussnyrtivörur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-88/92: Groupement d'Achat Edouard Leclerc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (valvíst dreifikerfi - lúxussnyrtivörur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. desember 1996 í máli T-521/93: Atlanta AG o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginlega markaðsskipulagning - bananar - innflutningsfyrirkomulag - skaðabótamál).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. desember 1996 í máli T-380/94: Association Internationale des Utilisateurs de Fils de Filaments Artificiels et Synthétiques et de Soie Naturelle (AIUFFASS) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um ógildingu - ríkisaðstoð - textíl - viðskiptasamtök - mál dómtækt - geinileg mistök við mat - umframgeta).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fjórða deild) frá 11. desember 1996 í máli T-49/95: Van Megen Sports Group BV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - 85. gr. EB-sáttmálans - sönnun um brot - sekt - rökstuðningur fyrir ákvörðun).

Mál T-151/96: Mál höfðað þann 20. september 1996 af Mutual Aid Administration Services NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-164/96: Mál höfðað þann 19. október 1996 af Moccina Irme SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-165/96: Mál höfðað þann 19. október 1996 af Prolafer Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-166/96: Mál höfðað þann 19. október 1996 af Società Casilina SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-167/96: Mál höfðað þann 19. október 1996 af Società Dora Ferriera Acciaieria Srl, í skiptameðferð, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-188/96: Mál höfðað þann 26. nóvember 1996 af Salini Costruttori SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

1

(¹) Sjá Stjttíð. EB nr. C 40, 8. 2. 1997.